

Bæjarstjórn - 11

FUNDARBOÐ

11. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 30. mars 2023 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2303001F - Hafnarstjórn (SH) - 3**
Lögð fram 3. fundargerð Hafnarstjórnar.
- 2. 2302005F - Skipulagsnefnd - 8**
Lögð fram fundargerð 8. fundar skipulagsnefndar.
- 3. 2302006F - Skóla- og fræðslunefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2302007F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 27**
Lögð fram fundargerð 27. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 5. 2303002F - Skipulagsnefnd - 9**
Lögð fram 9. fundargerð skipulagsnefndar.
- 6. 2303004F - Bæjarráð - 9**
Lögð fram fundargerð 9. fundar bæjarráðs.
- 7. 2303005F - Bæjarráð - 10**
Lögð fram fundargerð 10. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 8. 2106002 - Fundargerðir félagsmálanefndar Snæfellinga**
Lögð fram fundargerð 202. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga sem fram fór þriðjudaginn 14. mars sl.
- 9. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 919. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þriðjudaginn 28. febrúar sl.

10. 2303018 - Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga

Lagt fram fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga sem fram fer föstudaginn 31. mars 2023.

11. 2302024 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda 2023

Lagður fram uppfærður listi yfir styrki til félagasamtaka vegna fasteignagjalda 2023.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

12. 2303019 - Þingsályktun Kirkjubings 2022-2023 um sölu fasteigna

Lögð fram þingsályktun Kirkjubings 2022-2023 um sölu fasteigna kirkjunnar, sem samþykkt var á Kirkjubingi 11. mars 2023, þar sem gengið er út frá því að fasteignir í tilteknum prestaköllum verði ekki hluti fríðinda framtíðarpresta, þ.m.t. fasteign kirkjunnar í Stykkishólmsprestakalli að Lágholti 9 í Stykkishólmi.

Ályktun bæjarráðs frá 9. fundi lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

13. 2303016 - Saurar - Uppskipting jarðar

Benedikt Benediktsson óskar eftir leyfi fyrir uppskiptingu á landi Saura. Með uppskiptingunni verður til spildan Saurar 9. Einnig er skógræktin staðfest með hnitum.

Sótt er um að skrá eina nýja landeign, Saura 9, úr landi Saura (L-136854). Samkvæmt 48. gr. skipulagslaga nr.123/2010 þarf samþykki sveitarstjórnar þegar skipta á upp jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum. Í gildandi Aðalskipulagi Helgafellsveitar 2012-2024 er umrætt svæðið að mestu skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Skipulagsnefnd samþykkti, á 8. fundi sínum, fyrir sitt leiti umsókn um uppskiptingu jarðarinnar Saura í Saura 9.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 9. fundi sínum. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar.

14. 2302029 - Beit í Landey

Hesteigendafélag Stykkishólms fer þess á leit við sveitarfélagið að gerð verði breiting á 2. gr. samnings sveitarfélagsins við félagið sem varðar nýtingu á beitolandi í Landey. Lagt fram erindi frá félaginu ásamt svari bærarstjóra.

Bæjarráð samþykkti, á 9. fundi sínum, erindi félagsins um að gerð verði breyting á samningnum þannig að grein 3 verði beit í eyjunni til 1. apríl, enda hefur félagið yfir að ráða sérstakri beitanefnd sem hefur eftirlit og stjórn með beitarmálum félagsins sem tryggi ásamt stjórn og öðrum félagsmönnum að næg beit fyrir hendi í eyjunni og að ekki sé gengið sé of nærri gróðri.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

15. 2303020 - Hopp Snæfellsnes

Lagt fram erindi til sveitarfélagsins frá Snæhopp ehf. ásamt samstarfsyfirlýsingu og minnisblaði bærarstjóra. Bæjarráð samþykkti á 9. fundi sínum, erindið á grunni fyrirbyggjandi gagna.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2303021 - Styrkumsóknir

Lagðar fram styrkumsóknir til bæjarstjórnar, en bæjarstjórn Stykkishólms auglýsti eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar 21. febrúar sl.

Tíu umsóknir bárust en umsóknarfrestur var til og með 14. mars.

Bæjarráð samþykkti á 10. fundi sínum að veita eftirtalda styrki.

Félag atvinnulífs í Stykkishólmi 100.000, prentun og uppfærsla á götukorti af Stykkishólmi.

Heimatónleikar í Stykkishólmi 2023 200.000, heimatónleikar í Stykkishólmi 2023.

Meningardagskrá Eyrbyggjasögufélags 100.000, vegna gönguleiða Óska eftir því að umsókn til lista- og menningasjóðs 2022 verði tekin fyrir aftur.

Sólveig Benjamínsdóttir 100.000, sýning á listaverkum eftir Árna Pál Jóhannsson í Norska húsinu.

Aftanskin / Halldóra F. Sverrisdóttir 100.000, vegleg kaffiveisla á Stundarfrið.

Sigmundur Ernir Rúnarsson 200.000, afmælisþáttur um Júlíönu - hátíð sögu og bóka í umsjá Sigmundar Ernirs.

17. 2302009 - Agustson reitur - ósk um skipulagsbreytingu

Lögð er fram til afgreiðslu, umsókn Sigurðar Ágústssonar f.h. Svans ehf. dags. 9. febrúar sl. um breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna breytingar á landnotkun Aðalgötu 1, Austurgötu 1 og Austurgötu 2 úr athafnasvæði í verslun og þjónustu.

Jafnframt óska lóðarhafar eftir samþykki sveitarfélagsins til þess að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi "Stykkishólmur miðbær - reitur austan Aðalgötu" vegna stækkunar á deiliskipulagssvæði þannig að Aðalgata 1 og Austurgata 1 verði innan skipulagssvæðisins og að heimiluð verði á reitnum uppbygging hótels með tilheyrandi þjónustu og möguleikum á íbúðarhúsnæði.

Skipulagsnefnd tók, á níunda fundi sínum, fyrir sitt leyti jákvætt í umsókn Svans ehf. um breytingu á landnotun reitsins í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og breytingu á deiliskipulaginu "Stykkishólmur miðbær - austan Aðalgötu" þannig að deiliskipulagið nái yfir reitinn og heimili uppbyggingu hótels með tilheyrandi þjónustu og möguleikum á íbúðarhúsnæði. Nefndin lagði áherslu á að skipulagstillagan falli vel að núverandi byggð og staðaranda gamla bæjarhlutans í Stykkishólmi sbr. markmið gildandi aðalskipulags og deiliskipulagsáætlana fyrir miðbæinn.

Á 10. fundi sínum staðfesti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2303017 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð er fram fyrirspurn landeiganda Hóla 7.

Málið var tekið fyrir á 8. fundi skipulagsnefndar en afgreiðslu frestað vegna óvissu um túlkun á merkingu skipulagsskilmála í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 þ.m.t. kafla 4.1 um landbúnað og kafla 4.3 um frístundabyggð og ferðamennsku. Sjá einnig kafla 3.10.2 um umhverfismat frístundabyggðar. í kjölfar fundarins óskaði skipulagsfulltrúi eftir álit Skipulagsstofnunar á byggingarheimildum fyrir jörðina Hóla.

Á níunda fundi sínum benti Skipulagsnefnd á nýframkomna óvissu um túlkun á byggingarheimildum í kafla 4.1 í greinargerð Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012-2024 og fól skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við álit Skipulagsstofnunar sem óskað hefur verið eftir og leggja að því búnu fram minnisblað fyrir fund bæjarráðs til afgreiðslu.

Lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa.

Bæjarráð staðfesti á 10. fundi sínum niðurstöðu skipulagsfulltrúa og fól skipulagsfulltrúa að afgreiða málið. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

19. 2302028 - Umsókn um byggingarheimild - Hólar 7

Lögð er fram umsókn Sóldal ehf. um byggingarheimild fyrir 28,7 m² frístundahúsi á 5850 m² sumarbústaðalóð Hóla 7 (L 234674) í landi Hóla (L 136938) í Helgafellssveit. Þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið, vísaði byggingarfulltrúi umsókninni til afgreiðslu í skipulagsnefnd í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lóðin Hólar 7 er á svæði sem skilgreint er sem "frístundabyggð" í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024. Vísað er til skipulagsskilmála í kafla 4.1. um landbúnað og kafla 4.3 um frístundabyggð og ferðamennsku. Sjá einnig kafla 3.10.2 um umhverfismat frístundabyggðar. Engar fasteignir eru skráðar á lóðinni í dag.

Á níunda fundi sínum benti Skipulagsnefnd á nýframkomna óvissu um túlkun á byggingarheimildum í kafla 4.1 í greinargerð Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012-2024 og fól skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við álit Skipulagsstofnunar sem óskað hefur verið eftir og leggja að því búnu fram minnisblað fyrir fund bæjarráðs til afgreiðslu.

Minnisblað skipulagsfulltrúa er lagt fram. Á 10. fundi sínum lagði bæjarráð til að frístundabyggð verði deiliskipulögð í samræmi við minnisblað skipulagsfulltrúa. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2301011 - Uppbygging Víkurhverfis

Lögð fram útboðs- og verklýsing, ásamt öðrum gögnum, í tengslum við fyrirhugað útboð á gatnagerð og lögnum í Víkurhverfi (1. áfangi).

Bæjarráð lagði á 10. fundi sínum til við bæjarstjórn að bæjarstjóra verði falið að bjóða verkið út svo fljótt sem auðið er í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

21. 2303045 - Lántaka fyrir Sveitarfélagið Stykkishólmur

Lagður fram lánsamningur ásamt fylgigögnum milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Sveitarfélagsins Stykkishólms sem lántaka um lán að fjárhæð kr.

100.000.000

22. 2102042 - Ráðning skólastjóra - skipan starfshóps

Á 9. fundi bæjarstjórnar samþykkti bæjarstjórn að skipa hæfninefnd, í tengslum við ráðningu skólastjóra, og að hún skuli skipuð aðalmönnum í bæjarráði í samræmi framlagða áætlun. Í ljósi þess að einn umsækjenda er kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn, er lagt til skipan hæfninefndar verði endurskoðuð, og þar með áætlun um ráðninguna, til að tryggja betur jafnræði, hlutleysi og fagleg vinnubrögð í ráðningaferlinu.

Bæjarráð lagði á 10. fundi sínum til við bæjarstjórn að skipa eftirtalda aðila í hæfninefnd:

Eyþór Benediktsson
Sigrún Þórsteinsdóttir
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir

23. 2303046 - Gróðursetning við Borgarbraut

Lögð fram gögn og upplýsingar varðandi fyrirhugaða gróðursetning við Borgarbraut byggða á vinnu starfshóps um stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka.

Bæjarráð samþykkti á 10. fundi sínum gróðursetningu og aðrar framkvæmdir við Borgarbraut svæði b í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

24. 1502036 - Skipavík - deiliskipulag

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík, ásamt greinargerð, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. 123/2010. Þá eru lagðar fram afgreiðslur 8. fundar skipulagsnefndar og 3. fundar hafnarstjórnar til staðfestingar, sem staðfestar voru á 9. fundi bæjarráðs.

Skipulagsnefnd tók, á níunda fundi sínum, fyrir sitt leyti vel í framlagða tillögu og samþykkti að auglýsa hana í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með nánari útfærslum sem endurspeglast m.a. í fyrirbyggjandi tillögu.

Þá samþykkti bæjarráð á 10. fundi sínum að fella lóðir Nesveg 24 og Nesveg 22a úr deiliskipulagstillögu og deiliskipulagsreiturinn verði minnkaður samkvæmt því og fela skipulagsfulltrúa að ganga frá tillögunni í samræmi við umræður á fundinum. Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík, ásamt greinargerð, verði auglýst 1. mgr. 41. gr. 123/2010.

25. 2303047 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023-2026

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023-2026.

26. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Framlagðir minnispunktar bæjarstjóra.

28.03.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.